OECD Insights

Human Capital: How what you know shapes your life

Summary in Icelandic

Innsýn OECD

Mannauður: Það hvernig það sem maður veit mótar líf manns

Útdráttur á íslensku

Á vinnumarkaði hafa orðið gríðarlegar breytingar síðustu áratugina. Framleiðslustörf eru síminnkandi hlutfall vinnuaflsins í flestum þróuðum hagkerfum, enda hafa laun við framleiðslu almennt ekki haldið í við aðra geira. Í auknum mæli eru það „þekkingar“starfsmenn – flokkur sem nær yfir allt frá starfsmönnum þjónustuvera til arkitekta og kennurum til fjármálaspekinga – sem eru lykillinn að efnahagsárangri í þróuðum ríkjum.

Hæfni einstaklinga og ríkja til að hagnast á þessu nýtilkomna þekkingarhagkerfi er að miklu leyti undir mannauði þeirra komin – menntun, færni, hæfileikum og hæfni. Árangurinn er að stjórnvöld eru í auknum mæli meðvituð um að byggja upp mannauð. Ein mikilvægasta leiðin fyrir þau til að geta gert það er í gegnum menntun og þjálfun sem um þessar mundir er litið á sem æ mikilvægari þætti í að kynda undir hagvexti.

Hvað sem því líður leikur formleg menntun – sem er venjulega stunduð frá aldrinum fjögurra til fimm ára og fram á efri unglingsár eða fram á þrítugsaldur – aðeins hlutverk í því að mynda mannauð. Að mörgu leyti er gagnlegra að hugsa ekki um mannauðsmyndun út frá menntun, heldur frekar út frá *námi*, ferli sem heldur áfram allt lífið.

Út frá sjónarhóli hagfræði og atvinnumála er þessi mannlegi möguleiki á símenntun að verða sífellt mikilvægari. Leiðigjörn störf eru flutt til staða þar sem vinnuafl er ódýrara, en hröð tæknin skapar störf sem varla voru til fyrir skömmu eða er að breyta því afgerandi sem starfsmenn þurfa að kunna í störfum sínum. Niðurstaðan er sú að fólk þarf nú að halda áfram að þróa færni sína og hæfni allan starfsferilinn.

Í þessari úttekt er litið á hugtakið mannauð, vaxandi mikilvægi þess fyrir hagvöxtinn og leiðirnar sem stjórnvöld og samfélög geta farið til að þróa það í barnæsku, á árum formlegrar menntunar og á fullorðinsárunum.

Hvað er mannauður?

Hugmyndina um mannauð má rekja a.m.k. aftur til verka hins skoska 18. aldar hagfræðings Adams Smiths, en það var raunverulega ekki fyrr en undir lok 6. áratugar 20. aldar eða í byrjun þess 7. sem hún kom upp sem mikilvægt hagfræðilegt hugtak. Á þeim tíma byrjuðu hagfræðingar eins og Theodore Schultz að nota myndlíkinguna „auður“ – gamalgróið hugtak í hagfræði – til að útskýra hlutverk menntunar og sérfræðiþekkingar í að knýja áfram hagsæld og hagvöxt.

Þeir héldu því fram að fólk fjárfesti í menntun sinni og þjálfun til að byggja upp birgðir færni og hæfni (auð) til að tryggja langtímaávinning. Þessi fjárfesting getur líka bætt þjóðarhag og hjálpað til við að kynda undir hagvexti.

Dæmigert er þá að mannauður sé á víðan hátt skilgreindur þannig að hann falli undir blöndu af meðfæddum hæfileikum og meðfæddri hæfni einstaklinganna rétt eins og færni og lærdómi sem þeir tileinka sér í gegnum menntun og þjálfun. (Heilsa er líka stundum talin með.) Það kann að vera þess virði að taka eftir að viðskiptaheimurinn sem hefur tekið hugtakinu mannauði ákaft fagnandi hneigist til að skilgreina það þrengra og sjá það fyrst og fremst sem þá færni og hæfileika í vinnuafli sem er beint tengt árangri fyrirtækis eða sérstökum iðnaði.

Færir hann ávinning?

Mannauður er tengdur víðfeðmu sviði hagsbóta, bæði efnahagslegra og óefnahagslegra. Reyndar geta sumar helstu hagsbæturnar verið óefnahagslegar, þar á meðal bætt heilsa, lengra líf og meiri líkur á þátttöku í samfélagslífi.

Út frá efnahag má horfa á ávinninginn af mannauði með augum hagsældar einstaklingsins og þjóðarhags. Á einstaklingsgrunni hafa tekjur tilhneigingu til að aukast allsnöggt þegar menntunarstig fólks eykst. Í nokkrum OECD ríkjum, eins og Danmörku og Nýja-Sjálandi, eru tekjur fólks með háskólagráðu u.þ.b. fjórðungi hærri en þess fólks sem aðeins lýkur framhaldsskóla. Í öðrum er þessi mismunur jafnvel enn eftirtektarverðari og fer svo hátt sem í 120%. Að sama skapi kunna hagkerfi að sjá 3-6% framleiðniaukingu fyrir hvert viðbótarár sem einstaklingarnir eyða í menntun.

Af hverju verður hann mikilvægari?

Á undanförnum árum hefur fjöldi þátta beint athyglinni að efnahagslegu hlutverki mannauðs. Einn hinn mikilvægasti er vöxtur hins svokallaða þekkingarhagkerfis sem treystir síður á framleiðslu hluta en meira á sköpun og stýringu gagna og upplýsinga. Þessi tilhneiging verður augljós með tilkomu fyrirtækja eins og Google og með stigmögnun í slíkum störfum sem fólk vinnur: Árið 1995 unnu rétt rúmlega 28% starfsmanna í OECD ríkjum við iðnað og ríflega 63% í þjónustugreinum; 10 árum síðar var talan fyrir iðnaðinn komin niður fyrir 25% á móti meira en 69% í þjónustugreinum.

Hnattvæðing breytir líka vinnuaðferðum fólks og störfunum sem það gegnir. Í dag treysta fyrirtæki á langar keðjur framleiðenda og útbjóðenda sem eru dreifðir um allan hnöttinn og treysta á háþróuð samskipti til samræmingar. Á sama hátt sést að með tiltækileika ódýrs vinnuafls í þróunarríkjunum rekur nokkur framleiðslustörf – og jafnvel nokkur störf í efri kantinum, t.d. hugbúnaðarforritun – burtu frá þróuðu ríkjunum.

Einn lokaþáttur er öldrun samfélaga. Vegna lýðfræðilegra breytinga er meðalaldurinn í mörgum þróuðu ríkjunum að hækka með þeim afleiðingum að í framtíðinni munu fleiri eftirlaunaþegar treysta á færri virka starfsmenn. Það af leiðandi verður í mörgum ríkjum reynt að fá fólk til að vera lengur á vinnumarkaði. Til þess þarf það trúlega að uppfæra færni sína og lærdóm.

Hvers vegna er barnæskan mikilvæg?

Spurningin um umönnun og menntun mjög ungra barna dregur til sín aukinn áhuga. Að hluta til kemur þetta til út frá fullkomlega hagnýtu sjónarmiði um hvernig annast eigi börn á þeim tíma þegar fleiri konur eru farnar út að vinna. Hlutfallið breytist en í sumum ríkjum hafa orðið mjög mikil umskipti á umliðnum árum: Á Spáni var tæplega þriðjungur kvenna í vinnu árið 1994; 10 árum síðar hafði fjöldinn aukist í rétt tæplega helming.

Að nokkru leyti er kynt undir þessum vexti með löngun kvennanna sjálfra til að vera um kyrrt á vinnumarkaði eftir að þær verða mæður. En í sumum ríkjum – einkum í hinum enskumælandi heimi – eru foreldrar eindregið hvattir til að halda áfram að vinna. Að hluta til er það vegna þess að börn eru líklegri til að búa við fátækt ef annað hvort foreldrið eða bæði vinna ekki úti. Slíkur skortur á aðföngum getur sannarlega tafið fyrir þroska barna hvað varðar menntun og félagsfærni og skapað vandamál sem fylgja þeim fram á fullorðinsár.

Þegar fleiri konur eru þannig orðnar útivinnandi verður aukin eftirspurn eftir fólki til að annast um börn. Í mörgum OECD ríkjum er séð um þetta í einkageiranum þar sem stjórnvöld bjóða aðeins upp á takmarkaða gæslu. Það er ástæða til hafa áhyggjur af gæðum slíkrar umönnunar og framlagi til þroska í barnæsku, einkum þegar þau eru borin saman við háþróað kerfi fyrir umönnun og uppeldi kornabarna sem fyrirfinnst til dæmis í norrænu ríkjunum.

Norræn barnaumönnun felur venjulega í sér heildstæð tök á börnum þar sem fléttað er saman umönnun og menntun og unnið að því að tryggja að börn upplifi vandræðalausa aðlögun að barnaskóla. Á móti er tilhneiging annars konar barnaumönnunar að einblína annaðhvort á umönnun eða, í sumum tilfellum, menntun. Í síðara tilfellinu kunna leikskólar að líta á hlutverk sitt sem undirbúning barna fyrir skólagöngu frekar en – eins og í norrænu leiðinni – fyrir lífið. Slíkt kerfi kann enn fremur að vera illa lagað að gáskafullum leikjum sem eru lærdómsríkir fyrir mjög ung börn.

Barnaumönnun og menntun í miklum gæðum gagnast öllum börnum en hún kann að vera sérlega mikilvæg fyrir börn af fátækari uppruna eða börn innflytjenda. Raunar hefur mælikvarði mögulegra hagsbóta fengið marga menntunarhagfræðinga til að halda því fram að stjórnvöld fjárfesti ekki nóg á þessu sviði.

Hvernig bregst menntun við?

Ár formlegrar menntunar eru þýðingarmikil fyrir myndun mannauðs og til að tryggja að ungt fólk þrói með sér færni og þekkingu sem gerir því kleift að afla sér lífsviðurværis síðar á ævinni. Í mörgum OECD ríkjum lýkur því miður u.þ.b. ein ung manneskja af hverjum fimm ekki framhaldsskólagöngu sem takmarkar verulega starfshorfur hennar og tekjumöguleika. Raunar er staða slíks ungs fólks í flestum þróuðum ríkjum að öllum líkindum að verða enn erfiðari með þverrandi framboði á tiltölulega öruggu og vel

launuðu framleiðslustarfi. Um ungt fólk sem hættir snemma í skóla er oft sagt að hafi „fallið“ á skólakerfinu en það gæti verið nákvæmara að segja að skólakerfið hafi fallið á því.

Hvernig er hægt að gera menntun árangursríkari? Í auknum mæli beinist athyglin að gæðum kennslunnar sem þáttar í menntun, einkum þegar höfð er í huga afgerandi alþjóðleg frammistaða nemenda í ríkjum eins og Finnlandi sem mennta kennara í miklum mæli og fá þeim umtalsvert sjálfsforræði í kennslustofunni. Sjálfsforræði skiptir skóla líka talsverðu máli. Af PISA-prófum OECD má sjá nokkrar vísbendingar um að í skólum þar sem er meira frelsi til að útdeila hjálpargögnum og ráða kennslutilhögun sé betri árangur.

Þvert á menntakerfi mætti líka í mörgum ríkjum gera meira til að sjá ungu fólki fyrir meiri möguleikum til að stunda starfsnám, til mótvægis við algjöra bókáfanga, bæði á framhalds- og æðra skólastigi. Það hefur verið tilhneiging til að láta starfsmenntun – sem sér nemendum fyrir sérhæfðri iðnfærni – fá minna af hjálpargögnum í mörgum þróuðum ríkjum í keppninni um að ná í bóklegan staðal og til að framfylgja hástigsrannsóknum á æðra skólastigi.

Háskólamenntun í miklum gæðum getur auðvitað fært þjóðarhag gríðarlegar hagsbætur með því að hraða sköpun og notkun nýsköpunartækni, og hún er einnig líkleg til að auka verulega við framlagið til mannauðs þjóðarinnar. Andreas Schleicher hjá OECD fullyrðir að þetta sé svið sem mörg Evrópuríki skauti framhjá. Ríki á borð við Norðurlönd og Kóreu hafa tekið fram úr stórum hagkerfum eins og Frakklandi og Þýskalandi þegar litið er til þess fjölda ungs fólks sem útskrifast úr háskólum – sem er tákn um að þau séu „ekki lengur leiðandi í heiminum við að þróa þekkingu og færni“.

Það er líklegt að viðbragð evrópskra stjórnvalda feli í sér rannsókn á því hvernig best sé að útdeila hjálpargögnum vegna menntunar – sem er stöðug uppspretta skoðanaskipta í heiminum. Að meðaltali verja OECD stjórnvöld í kringum 5% af vergri landsframleiðslu í menntun þar sem tvisvar sinnum meira fer til nemenda á æðra skólastigi en á grunnskólastigi. En þar sem háskólanemar eru líklegri til að afla umtalsvert meira en annað fólk eftir að þeir útskrifast hefur því verið hreyft í mörgum ríkjum að láta þá borga hluta af kostnaðinum við menntun sína.

Slíkar hreyfingar kunna að vera skynsamlegar með tilliti til félagslegs jöfnuðar: Yfirleitt stendur ungt fólk af fátækari uppruna verulega höllum fæti þegar kemur að æðri menntun. Það er að öllum líkindum ósanngjarnt að ætlast til þess af illa stæðum foreldrum að þeir borgi skatta til að fjármagna háskóla sem börnin þeirra munu aldrei fara í. Hin hliðin á peningnum er að þegar talað er um skólagjöld vegna æðri menntunar getur það reist enn frekari skorður við inngöngu nemenda af fátækari uppruna nema viðeigandi ráðstafanir séu gerðar, t.d. með styrkjum, framlögum eða ríflegum námslánum.

Hvert er hlutverk þjálfunar?

Öldrun fólks í flestum þróuðum ríkjum setur þá pressu á fólk að setjast seinna í helgan stein. Þar af leiðandi er vaxandi þörf fyrir að það uppfæri færni sína og menntun til að takast á við örar breytingar á vinnustaðnum. Þetta hefur þó ekki aðeins áhrif á þá sem nálgast endalok starfsferils síns. Vinnandi fólk á öllum aldri þarf að halda áfram að efla

færnistig sitt sem getur á móti bætt tekjuhorfur þess og auðveldað því að finna nýja vinnu ef það missir starfið sitt.

Því miður er fullorðinsþjálfun ekki dreift jafnt meðal vinnuaflsins. Yngri starfsmenn sem búa yfir meiri hæfni eru líklegri til að fá þjálfun frá vinnuveitendum sínum. Þar af leiðir að þeir sem helst þarfnast þjálfunar – eldri starfsmenn og þeir sem hafa takmarkaða menntun – eru ólíklegastir til að fá hana. Það er líka munur eftir kynjum – í flestum OECD ríkjum undirgangast fleiri karlar en konur þjálfun – og milli ríkja: Í Danmörku fá starfsmenn næstum 1.000 klukkustundir af óformlegri vinnutengdri þjálfun á starfsferli sínum en á Ítalíu fá þeir færri en 100 klukkustundir.

Stjórnvöld í mörgum ríkjum hafa gripið inn í til að reyna að hjálpa starfsmönnum sem hafa ekki verið þjálfaðir. Nokkur ríki leggja þjálfunarálögur á vinnuveitendur sem kann að vera framfylgt á marga mismunandi vegu, þar á meðal með tilurð miðlægra þjálfunarsjóða. Það er líka áhugi fyrir hugmyndinni um sameiginlega fjármögnun sem felur í sér aðild stjórnvalda, vinnuveitenda og starfsmanna sem leggja til þjálfunarsjóðsins með það að markmiði að tryggja að allir hafi hag af árangri af þjálfunaráætluninni. Kanada er t.d. að prófa sérstakt kerfi sparnaðarreikninga til að fjármagna fullorðinsfræðslu, sem borgar lágtekjustarfsmönnum allt að þremur bandaríkjadölum fyrir hvern dal sem þeir spara sjálfir.

Jafnvel með réttri fjármögnunarblöndu verður hvatinn engu að síður áfram stórt mál fyrir fullorðna. Í mörgum tilfellum skilur álagið af því að vinna og annast um fjölskyldu þá tilfinningu eftir hjá uppkomnu fólki að það hafi ekki tíma fyrir frekara nám. Þessari hindrun má ryðja úr vegi – a.m.k. að hluta – með því að leyfa fólki að öðlast hæfni á lengra tímabili og á hraða sem hentar því. Í Kóreu hefur bankaábyrgðarkerfið verið starfrækt frá 1998 og á fyrstu fimm árunum var 25.000 manns gert kleift að byggja upp ábyrgðir fyrir formlegri hæfni.

Hvaða áskoranir eru framundan?

Hópmenntun jókst stórlega á 20. öld og veitti stöðugt fleira fólki stöðugt meiri fræðslu. Í þróuðum löndum samtímans er skyldunám loksins að ná náttúrulegu marki sínu með tilliti til þeirrar tímalengdar sem ungt fólk er tilbúið að eyða í skóla. Í framtíðinni mun því aukning í mannauði síður hvíla á magnaukningu í menntun og frekar á bættum gæðum náms. Fyrir samfélög mun það þýða að eins mörgu fólki og mögulegt er verður hjálpað við að þróa hæfileika sína og hæfni til fulls á öllu æviskeiði sínu.

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágrip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop//

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/